

Alþingi – nefndarsvið  
b.t. Atvinnuveganefndar Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Vestmannaeyjum, 29.1.2015

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Fiskistofu o.fl. (gjaldskrárheimildir), þingskjal 625 - 417. mál**

Fyrir hönd Útvegsbændafélags Vestmannaeyja þá vill undirritaður koma eftirfarandi á framfæri varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um Fiskistofu og ýmsum öðrum lögum (gjaldskrárheimild) þingskjal 625 – 417. mál.

Með frumvarpinu er verið að auka enn frekar greiðslur útgerðar til ríkisins enda segir skýrt í athugasemdum með frumvarpinu að verði frumvarpið samþykkt mun það hafa í för með sér aukinn kostnað fyrir atvinnugreinina. Þá er vert að rifja það upp að stutt er síðan að almenna veiðigjaldið var hækkað og lagt var á sérstakt veiðigjald með lögum nr. 74/2012 um veiðigjöld. Samkvæmt 2. gr. veiðigjaldalaganna voru veiðigjöld lögð á í þeim tilgangi að *mæta kostnaði ríkisins við rannsóknir, stjórn, eftirlit og umsjón með fiskveiðum og fiskvinnslu*. Að mati Útvegsbændafélags Vestmannaeyja eru veiðigjöldin ekkert annað en skattur á útgerðina sem lagður er á reiknaðan afrakstur af rekstri rétthafa veiðiheimildanna auk þess leggst sá skattur misjafnlega þungt á útgerðir eftir aðstæðum í rekstri þeirra.

Með frumvarpi sem umsögn þessi varðar er verið að auka gjöld útgerðar til ríkisins verulega til viðbótar við þau gjöld og skatta sem útgerðin greiðir nú þegar til ríkisins einmitt í þeim sama tilgangi og gjaldtaka skv. frumvarpi þessu varðar. Skýrt er tekið fram í athugasemdum sem fylgja frumvarpinu að *eftirlitsþegarnir og þiggjendur þjónustunnar eigi að standa straum af kostnaðinum* og að gjaldtaka þessi tryggi að hægt verði að standa betur vörð um nytjastofna sjávar sem eru sameiginleg auðlind þjóðarinnar. Í umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem fylgdi frumvarpinu kemur fram að áætluð tekjuaukning ríkisins með þessari gjaldtöku verði tæpar 53 milljónir á ári. Alls eru áætlaðar tekur af gjaldtökunni ef frumvarp þetta verður að lögum um 112 milljónir á ári og samkvæmt athugasemdum sem fylgja frumvarpinu á kostnaðurinn að dreifast í réttu hlutfalli við umsvif útgerða og fiskvinnslu, notkun á þjónustu og þörf á eftirliti.

Að mati Útvegsbændafélags Vestmannaeyja er rétt að endurskoða gjaldskrárheimildir Fiskistofu en þá með tilliti til þess að veiðigjöld hafa verið hækkuð allverulega með lögum nr.


74/2012 um veiðigjöld og því ætti eðli málsins samkvæmt að fella niður þau gjöld sem útgerðir greiða vegna eftirlits og almennrar þjónustu af hálfu Fiskistofu með vísan til framangreinds. Ekki er gerð athugasemd við að sértæk þjónusta sé gjaldskyld með tilliti til aukins kostnaðar við slíka þjónustu.

Í öðru lagi gerir Útvegsbændafélagið athugasemdir við 9. gr. frumvarpsins sem varðar 2. mgr. 13. gr. laga nr. 57/1996 um umgengni við nytjastofna sjávar. Í 13. gr. þeirra laga er kveðið á um ferðir eftirlitsmanna um borð í skipum sem fylgjast sérstaklega með veiðum. Í 9. gr. frumvarpsins er lagt til að greiðsluskylda vegna eftirlits hefjist fyrr en verið hefur. Samkvæmt nógildandi ákvæði 2. mgr. 13. gr. er gert ráð fyrir að útgerð greiði kostnað af umræddu eftirliti hafi það staðið í sjö daga eða sjö veiðiferðir. Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að gjaldskyldan lendi á útgerðinni talsvert mikið fyrr eða eftir einn dag eða eina veiðiferð í stað sjö.

Samkvæmt umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem fylgdi frumvarpinu er gert ráð fyrir að kostnaður vegna eftirlitsmanna um borð í skipum muni aukast úr rúmum 30 milljónum í rúmar 57 milljónir með þessari breytingu. Rétt er að benda á að Fiskistofu er falið að meta það hvenær þörf er á eftirlitsmanni og hefur útgerð ekki andmælarétt þegar að því kemur. Fiskistofa hefur jafnframt ákvörðunarvaldið í því að meta hversu margar veiðiferðir eftirlitsmaður skal fara í samkvæmt 13. gr. laga um umgengni við nytjastofna sjávar. Samkvæmt framangreindu getur Fiskistofa því stjórnað tekjuöflun sinni án þess að útgerðin geti mótmælt því með neinum hætti. Þó útgerð kæri ákvarðanir til ráðuneytisins frestar það ekki réttaráhrifum. Fiskistofa hefur viðtækar heimildir samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands varðandi eftirlitsmenn og ríkar skyldur eru lagðar á útgerðir þar sem þeim er skylt að veita eftirlitsmönnum alla aðstoð og aðstöðu um borð í skipum til þess að þeir geti sinnt eftirliti með veiðum.

Að mati Útvegsbændafélags Vestmannaeyja er því ekki án athugasemda hægt að fallast á breytingar á 2. mgr. 13. gr. laga um umgengni við nytjastofna sjávar skv. 9. gr. frumvarpsins. Þar er um að ræða verulega íþyngjandi breytingu fyrir útgerð ásamt því að þar er um að ræða allverulega kostnaðaraukningu á útgerð miðað við það sem löggin segja til um í dag.

Virðingarfyllt



Sindri Viðarsson

Formaður Útvegsbændafélags Vestmannaeyja